



Aga stefna leikskólans Álfheiði

Agi er verkfæri til að nota í uppeldi og felur í sér að skapa aðstæður sem örva þroska og hindra að erfiðleikar komi fram.

Árangursrík ögun felst í því að barnið fái fyrirmynd, leiðsögn og kennslu frá uppalendum um hvað er rétt, hvað er rangt og hvernig skuli hegða sér.

Agi veitir börnum öryggiskennd og lætur þau finna að borin sé umhyggja fyrir þeim.

Agi veitir börnum utanaðkomandi stýringu og mörk sem hjálpa þeim að þróa innri stjórn á eigin hegðun.

Sá sjálfsagi sem börn læra er mikilvægur í framtíðinni til að takast á við mótlæti og erfiðar tilfinningar s.s. reiði. Kennir líka tillitssemi og sjálfsöryggi til að standa á eigin sannfæringu.

(Tekið af vef Heilsugæslan.is, [Agi, uppeldi og hegðun](#))

Það veitir börnum öryggi þegar rútna og skýr mörk eru til staðar.

Markmiðið er að börn læri að virða mörk annarra, setja sér og virða eigin mörk, þekki tilfinningar sínar, temji sér sjálfstjórn og eigi í jákvæðum samskiptum.

Námsefni sem aga stefna leikskólans byggir á:

Lífsmennt, Blær-vináttuverkefnið, Lausnahringurinn, Jákvæður agi, litaskrímslið, Uppeldi sem virkar-færni til framtíðar, PMTO foreldrafærni,

Leiðir:

Sjónrænt skipulag myndræn stundarskrá sem veitir börnum fyrirsjáanleika og öryggi.

Myndrænt vinnukerfi fyrir æskilega hegðun í algengum aðstæðum í leikskólanum t.d. gönguferðir, samverustundir, matartíma, hvíld, ...

Skýr fyrirmæli um hvers konar hegðun við viljum sjá (forðumst að nota **Ekki**)

Við ætlum að ganga í íþróttahúsið- ~~ekki hlaupa~~

Dæmi um skýr fyrirmæli: Settu kubbana í körfuna núna.

Dæmi um óskýr fyrirmæli: Eigum við...?, viltu...?, nennir þú?. Þannig er boðið upp á mótmæli frá barni.

Við kennum börnum að setja öðrum mörk, leysa friðsamlega úr ágreiningi og setja orð á óskir sínar og líðan.

Stopp ég vill ekki að þú...., og biðja um aðstoð “viltu hjálpa mér”

Gefum val um tvennt- viltu gera sjálf/ur eða viltu að ég hjálpi þér

Hvatning og hrós- umbunarkerfi sniðið að þörfum barns í samráði við foreldra.

Einstaklingsmiðaðar **félagsfærnisögur**

Barni boðið að **jafna sig** –sett eru orð á tilfinningar og tillögur til að ná jafnvægi.

Ef barn meiðir önnur börn hjálpa kennarar því að öðlast betri færni í félagslegum samskiptum með fjölbreyttum leiðum t.d. að sýna barninu hvernig við mokum með skóflunni, barni boðið að jafna sig og boðið úr aðstæðum.

Þegar upp kemur atvik sem beita þarf líkamlegu inngripi t.d. ef barn er valda eignatjóni eða valda öðrum eða sjálfu sér skaða: Atvik er skráð - foreldrar og stjórnendur látnir vita samdægurs.

Ef barn þarf ítrekuð inngrip /hegðunarmótun er það alltaf gert í samráði við foreldra- rætt við foreldra, aðgerðaráætlun gerð og foreldrar samþykkja leiðirnar.